

Fimmtudaginn 30. apríl 1998.

Nr. 251/1997.

Guðbjörg Helga Birgisdóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands hf.

(Reinhold Kristjánsson hrl.)

Skuldabréf. Greiðsla. Ógilding löggernings. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1997 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Hún krefst þess og, að felld verði niður heimild stefnda samkvæmt úrskurði, sem gekk 13. júní 1996 undir rekstri málsins í héraði, til að fá þinglýst héraðsdómsstefnu á fasteign sína að Vesturási 36, Reykjavík.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, áritaði áfrýjandi sem maki veðskuldabréf, að fjárhæð 1.266.330 krónur, sem eiginmaður hennar gaf út 19. maí 1993 fyrir gatnagerðargjöldum til Reykjavíkurborgar. Bréfið skyldi greiða með þremur jöfnum afborgunum, 20. nóvember 1993, 20. maí 1994 og 20. nóvember sama árs. Á bréfið var rituð fjárhæð hvernar afborgunar, 422.110 krónur. Skuldin var hvorki verðtryggt né bar hún vexti. Með bréfinu var veðsett 2. veðrétti einbýlishúsið að Vesturási 36, Reykjavík, sem þá var í smíðum.

Eiginmaður áfrýjanda var haldinn alvarlegum veikindum frá hausti 1993, þar til hann lést 20. janúar 1994. Í veikindum eiginmanns síns sá áfrýjandi um að greiða það, sem þurfti. Fyrsta afborgun veðskuldabréfsins var 20. nóvember 1993, og greiddi áfrýjandi hana samkvæmt greiðsluseðli frá stefnda 18. sama mánaðar. Á greiðsluseðilinn var afborgun tilgreind 140.703,30 krónur, upphafleg fjárhæð bréfsins 422.110 krónur og eftirstöðvar 281.406,70 krónur.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi áfrýjandi aðra afborgun af

skuldabréfinu í Sparisjóði Reykjavíkur 23. maí 1994, 140.703,40 krónur. Áfrýjandi kveðst hafa spurst fyrir um það hjá stefnda, hvort greiðsluseðillinn 20. maí 1994 væri réttur, „þar sem hún hafi ekki fundið í fórum dánarbúsins gögn um það, að bréfið hefði verið greitt hraðar niður en skilmálar þess kváðu á um“. Starfsmenn stefnda hafi þá tjáð sér, að greiðsluseðillinn væri réttur.

Fyrir liggur í málinu, að á þessum tíma hafi áfrýjandi með hjálp endurskoðanda síns gengið frá skattframtali sínu, og er það dagsett 29. maí 1994. Í því er greinargerð um vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafi verið til að afla íbúðarhúsnæðis. Þar er talin skuld við borgarsjóð Reykjavíkur, tryggt með 2. veðrétti í Vesturási 36, upphafleg lánsfjárhæð 1.266.330 krónur, afborgun árið 1993 422.110 krónur og eftirstöðvar í lok þess árs 844.220 krónur, allt eins og veðskuldabréfið gerði ráð fyrir. Í nóvember 1994 barst áfrýjanda greiðsluseðill frá stefnda vegna síðustu afborgunar, 140.703,30 króna, og greiddi hún fjárhæðina 28. nóvember sama árs. Skuldabréfið var kvittað af stefnda um fullnaðargreiðslu og áritað um heimild til aflýsingar 18. janúar 1995.

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík ritaði stefnda bréf 11. janúar 1996. Þar er skuldabréfinu lýst, fjárhæð þess og gjalddögum. Síðan segir: „Samkvæmt færslum í borgarbókhald er ógreidd af skuldinni 844.221 kr., en samkvæmt skilagrein frá bankanum um greiðslu 28. 11. 1994 er skuldin talin að fullu greidd. Svo virðist sem af bankans hálfu hafi skuldarinn aðeins verið krafinn um greiðslu 1/3 hluta höfuðstóls skuldarinnar.“ Óskað var upplýsinga um innheimtu bréfsins. Stefndi svaraði um hæl og sendi borgarverkfræðingi eftirstöðvarnar, 844.220,10 krónur, með vöxtum og þaðst velvirðingar á mistökunum. Stefndi ritaði áfrýjanda síðan bréf 30. janúar 1996, þar sem mistökum þessum var lýst og hún beðin um að hafa samband við hann „til viðræðu um uppgreiðslu á ógreiddri fjárhæð“. Það gerði áfrýjandi ekki, heldur leitaði til lögmanns síns.

II.

Stefndi gerði þau mistök, er hann skráði veðskuldabréfið í tölvukerfi sínu til innheimtu, að fjárhæð hveurrar afborgunar var skráð sem heildarskuld. Skuldari var því á hverjum gjalddaga einungis krafinn um þriðjung hveurrar afborgunar, 140.703,30 króna, í stað

422.110 króna. Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um eftirstöðvar bréfsins, 844.220 krónur, þar sem þær séu vangreiddar.

Áfrýjandi telur eftirstöðvar bréfsins hafa verið gefnar eftir með þeirri fyrirvaralausú kvittun, sem stefndi skráði á bréfið og afhenti áfrýjanda, og telur stefnda ekki eiga aðild að kröfunni. Stefndi greiddi skuldareigandanum hinar vangoldnu eftirstöðvar 11. janúar 1996 og kveðst þá hafa fengið kröfuna á hendur áfrýjanda fram-selda. Þetta er staðfest með bréfi borgarverkfræðingsins í Reykjavík 20. september 1996. Stefndi er því réttur aðili að máli þessu.

Svo sem að ofan greinir, tók áfrýjandi þátt í útgáfu bréfsins. Hún spurðist fyrir um það hjá stefnda, hvort greiðsluseðill 20. maí 1994 væri réttur, þar sem hún taldi hann ekki í samræmi við skilmála bréfsins. Ekki verður séð, að hún hafi þá haft ástæðu til að ætla, að eiginmaður hennar hefði greitt verulegan hluta skuldar samkvæmt bréfinu fyrir fyrsta gjalddaga, en sem áður segir, þar skuldin hvorki verðbætur né vexti. Áfrýjandi gerði grein fyrir skuldabréfinu í skatt-skýrslu sinni 29. sama mánaðar og tilgreindi þar rétta fjárhæð þess, afborgun og eftirstöðvar, og bendir það eindregið til, að hún hafi þá haft afrit bréfsins undir höndum. Ljóst er því, að hún hefur þá vitað um mistök stefnda. Með vísan til 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. 2. gr. laga nr. 11/1986, voru greiðsluseðlarnir því ekki skuldbindandi fyrir stefnda um fjárhæð afborgana af skuldabréfinu. Með vísan til 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986, getur áfrýjandi því ekki borið fyrir sig kvittun stefnda um, að bréfið hafi verið greitt.

Meira en ár leið, frá því, að stefndi kvittaði bréfið og áritaði það um heimild til aflýsingar, þar til hann tilkynnti áfrýjanda um mistökin. Þar sem áfrýjandi var ekki í góðri trú um fullnaðargreiðslu bréfsins, getur aðgerðaleysi stefnda og skuldareiganda á þessum tíma ekki leyst hana undan skuldbindingum sínum. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Fyrir héraðsdómi gerði stefndi meðal annars þá kröfu, að staðfestur yrði veðréttur í fasteigninni að Vesturási 36 í Reykjavík samkvæmt fyrrnefndu skuldabréfi. Heimild handa stefnda í úrskurði héraðsdóms 13. júní 1996 til að fá þinglýst héraðsdómsstefnu helgaðist af þeirri kröfu hans. Henni var hins vegar hafnað með hinum áfrýjaða dómi, og hefur stefndi ekki krafist endurskoðunar dómsins

að því leyti. Standa því ekki lengur rök fyrir umræddri heimild stefnda. Samkvæmt þessu verður fallist á kröfu áfrýjanda um að fella þessa heimild niður.

Rétt er, að hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Felld er niður heimild samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1996 handa stefnda, Landsbanka Íslands hf., til að fá þinglýst héraðsdómsstefnu í málinu á fasteign áfrýjanda, Guðbjargar Helgu Birgisdóttur, að Vesturási 36 í Reykjavík.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. maí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri 30. maí 1996.

Stefnandi er Landsbanki Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefnda er Guðbjörg Helga Birgisdóttir, kt. 150169-5239, Vesturási 36, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Að stefnda verði dæmd til greiðslu skuldar, að fjárhæð 844.220 kr., auk dráttarvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Enn fremur er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Þá er krafist staðfestingar á veðrétti og uppfærslurétti stefnanda fyrir hinni umstefndu skuld í fasteign stefndu, Vesturási 36.

Dómkröfur stefndu.

Að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Hinn 13. júní 1996 var kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem stefnanda var heimilað að þinglýsa stefnu málsins á blað fasteignarinnar Vesturáss 36 í Reykjavík.

Málavextir.

Hinn 19. maí 1993 gaf Jóhann Guðnason, eiginmaður stefndu, út veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð 1.266.330 kr., til handhafa. Skuldina

skyldi endurgreiða með þremur afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. nóvember 1993. Til tryggingar skilvísnum greiðslum var sett að veði fasteignin Vesturás 36.

20. janúar 1994 lést Jóhann Guðnason, og 5. september s. á. fékk stefnda leyfi til setu í óskiptu búi.

Veðskuldabréfið var afhent borgarverkfræðingi sem greiðsla fyrir gatna-gerðargjöld. Borgarverkfræðingur fékk stefnanda bréfið til innheimtu. Að sögn stefnanda er venjan sú, þegar stefnanda berast skuldabréf til innheimtu, að slegin er inn heildarfjárhæð þess skuldabréfs, sem innheimta skal, auk ýmissa annarra upplýsinga. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi hins vegar orðið þau mistök, að í stað þess, að slegin væri inn heildarfjárhæð skuldabréfsins, þ. e. 1.266.330 kr., hafi verið slegin inn fjárhæð einstakrar afborgunar, þ. e. þriðjungur heildarfjárhæðarinnar. Mistök þessi hafi leitt til þess, að greiðsluseðlar þeir, sem voru sendir stefndu, hafi kveðið á um greiðslu eins þriðja af rétttri afborgun. Í stað þess að greiða skuldina upp í samræmi við skilmála bréfsins, hafi stefnda greitt á gjalddögum sem svaraði þriðjungi rétttrar afborgunar.

Þegar þriðji og síðasti gjalddagi skuldabréfsins rann upp 20. maí 1995 og stefnda hafði greitt sem svaraði þriðjungi heildarskuldarinnar, var bréfið kvittað greitt og því aflýst. Að sögn stefnanda er ástæða þess, að bréfið var kvittað greitt, sjálfvirkni í tölvukerfum stefnanda og upphafleg mistök við skráningu. Upp hafi komist um mistök þessi 11. janúar 1996, þegar borgarverkfræðingur grennsaðist eftir því, hvernig á því stæði, að honum hefðu ekki enn borist tveir þriðju hlutar skuldarinnar samkvæmt veðskuldabréfinu. Eftir þetta hafi það orðið úr milli stefnanda og borgarverkfræðings, að stefnandi stæði borgarverkfræðingi skil á því, sem eftir var af skuldinni samkvæmt bréfinu gegn því að fá til sín rétt borgarverkfræðings til eftirstöðvanna og tryggingarréttindi þau, sem þeim fylgdu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að um mikinn mun hafi verið að ræða á því, sem greitt var, og því, sem greiða átti samkvæmt skilmálum bréfsins. Þessi munur einn og sér ætti að leiða til þess, að stefnukröfur yrðu teknar til greina. Ljóst megi vera, að Jóhanni sem útgefanda bréfsins hljóti að hafa verið þessi munur ljós, og telur stefnandi, að huglæg afstaða hans eigi að hafa úrslitaáhrif í þessu samhengi. Stefndu hljóti að hafa verið ljóst, að um mistök var að ræða. Stefnda hafi samþykkt þá skuldbindingu, sem í veðskuldabréfinu var fólgin sem maki útgefanda þess, og þar með séu lög- líkur fyrir því, að henni hafi verið kunnugt um eðli og fjárhæð skuldbind- ingarinnar.

Mistökinn og þar með mismunurinn á því, sem greitt var og greiða skyldi, hafi uppgötvast mjög fljótlega, þ. e. eftir á að giska hálf t. ár.

Verði því að telja, að þær efnislegu forsendur, sem hvíldu að baki þeirri kvittun, sem gefin var, og aflýsingarinnar, hafi í upphafi verið rangar. Kvittunin sem slík geti því ekki stofnað stefndu neinn rétt. Stefndu beri þar með að hlíta því að greiða eftirstöðvarnar. Henni beri enn fremur að hlíta því, að staðfestur sé veðréttur sá, sem fylgdi eftirstöðvunum upphaflega. Aflýsing veðskuldabréfsins hafi í því sambengi enga þýðingu, enda varði aflýsingin réttarvernd gagnvart þriðja manni og geti sem slík aldrei haft nein efnisleg áhrif milli aðila samnings.

Stefnandi eigi það á hættu, að hann verði fyrir réttarspjöllum, vegna þess að veðréttur hans í fasteign stefndu njóti sem stendur ekki réttarverndar gagnvart skuldheimtumönnum og viðsemjendum stefndu. Því beri stefnanda brýn nauðsyn til þess að fá úrskurð um heimild sína til þess að láta þinglýsa stefnu þessari í veðmálabækur á blað fasteignar stefndu.

Sundurliðun stefnukröfu:

Heildarfjárhæð skuldar	kr.	1.266.330
Innborgað v/gjalddaga 20. 11. '93	kr.	140.703
Innborgað v/gjalddaga 20. 5. '94	kr.	140.703
Innborgað v/gjalddaga 20. 11. '94	kr.	140.703

Stefnandi reisir kröfu sína um greiðsluskyldu og staðfestingu veðréttar einkum á almennum reglum kröfuréttar um greiðslu og uppgjör skulda auk 1. mgr. 32. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, sem og reglum um setu í óskiptu búi, sbr. II. kafla erfðalaga nr. 8/1962 með síðari breytingum. Stefnandi styður vaxtakröfu sína við ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Málskostnaðarkrafa stefnanda er rökstudd með vísan til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um, að tekið sé tillit til virðisaukaskatts, er rökstudd með vísan til laga nr. 50/1988.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Sýknukrafa stefndu er við það miðuð, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa, sbr. 2. mgr. 16. gr. einkamálalaga, þar sem hann hvorki sé né hafi verið eigandi veðskuldabréfsins, er málið varðar.

Upplýst sé af stefnanda, að fyrir mistök starfsmanna sinna hafi stefnda verið krafin um of lágar afborganir á gjalddögum skuldabréfsins 20. nóvember 1993, 20. maí og 20. nóvember 1994. Vegna þessara mistaka, sem stefnandi hafi talið sig bera skaðabótaábyrgð á gagnvart eiganda skuldabréfsins, borgarsjóði Reykjavíkur, hafi hann ákveðið að greiða borgarsjóði 844.220,10 kr., sbr. bréf, dags. 11. janúar 1996. Hvorki í bréfi þessu né í bréfi

borgarverkfræðings til stefnanda frá 11. janúar 1996 sé að finna stafkrók um, að Reykjavíkurborg hafi falið stefnanda þær innheimtuaðgerðir, sem hann standi fyrir. Því síður sé þar vikið að framsali kröfunnar samkvæmt skuldabréfinu frá borgarsjóði til stefnanda.

Meðan stefnandi hafi ekkert framselt skuldabréf undir höndum, geti hann augljóslega ekki reist málsókn sína á hendur stefndu á almennum reglum kröfuréttar um greiðslu og uppgjör skulda auk 32. gr. samningalaga nr. 7/1936. Stefnda hafi frumrit skuldabréfsins undir höndum, kvittað um greiðslu, aflýst og án nokkurrar framsalsáritunar. Af þeim sökum verði ekki bætt úr framsali kröfunnar samkvæmt skuldabréfinu héðan í frá.

Gagnvart borgarsjóði hafi stefnandi verið að gera upp skaðabótakröfu vegna sakar starfsmanna, en ekki sakar stefndu, svo að ekki verði endurheimta fjárens studd því, að stefnda hafi valdið stefnanda tjóni. Ekki beri stefnda neina hlutlæga ábyrgð á skaðaverkum starfsmanna stefnanda.

Verði ekki sýknað vegna aðildarskorts, sé hins vegar ekki ljóst, á hvaða réttarreglum kröfuréttarins stefnandi byggi málsókn sína, og megi því telja málið vanreifað að þessu leyti, og ætti dómari því að vísa málinu frá án kröfu.

Ekki verði ráðið af málalíbúnaði stefnanda, að hann heyi málsókn sína á meginreglum kröfuréttarins um endurheimtu ofgreidds fjár, sem jafnframt séu taldar eiga við að breyttu breytanda, þegar krafist er viðbótargreiðslu, er greiðsla kröfu reynist eftir á lægri en upphaflega hafi verið samið um. Séu þessar reglur, sem gangi undir heitinu „*condictio indebiti*“, taldar vera meðal þeirra kröfuréttarreglna, sem miðað sé við af hálfu stefnanda í máli þessu, verði stefnda að áskilja sér allan rétt til andsvara. Í því sambandi sé að ræða um sömu aðildarvandráði stefnanda og fyrr var vikið að. Reglur þessar séu undantekningarreglur, og vegna hagsmuna viðskiptalíffsins hafi verið talið, að beita bæri þeim af mikilli varfærni, og því komi almennt ekki til álita að beita þeim í þeim tilvikum, þegar hina röngu greiðslu megi rekja til mistaka kröfuhafans eða starfsmanna hans.

Þá hafi jafnframt verið talið, að kvittun skuldabréfs um greiðslu og aflýsing þess af hálfu kröfuhafans, eftir að hann hafi tekið við rangri eða röngum greiðslum eins og í því máli, sem hér er til meðferðar, komi með öllu í veg fyrir endurskoðun greiðslna.

Stefnda telur skattframtöl sín og greinargerðir um vaxtagjöld, er fylgt hafi skattframtölum sínum árin 1994 og 1995, ekki geyma neina sönnun þess, að hún hafi vitað eða mátt vita um mistök stefnanda. Skattframtölin og fylgiskjöl þeirra hafi verið gerð af endurskoðanda sínum í samræmi við afrit skuldabréfa, en ekki með hliðsjón af greiðsluseðlum vegna lána. Sjáist

það hvað gleggst á samanburði fram lagðra greiðsluseðla og greiðslufirlitsins, þar sem engin greiðsla, að fjárhæð 422.110 kr., hafi verið innt af hendi árið 1993.

Við úrlausn þessa máls skipti meginmáli, að stefnandi hafi gert mistök, sem hann beri einn ábyrgð á. Þau mistök hafi honum verið kleift að leiðrétta þegar við endurskoðun reikningsskila sinna við viðskiptavinina sína um áramót 1993/1994 og eins síðar, er stefnda hafi sérstaklega leitað upplýsinga um lánsfjárhæðina í maí 1994 við greiðslu afborgunar 20. maí 1994.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt og þess krafist, að krafan beri ekki dráttarvexti fyrr en frá dómsuppsögudegi, verði hún á annað borð tekin til greina.

Málskostnaðarkrafa stefndu er studd með vísan til XXI. kafla einkamála-laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Skuldabréf það, sem mál þetta er af risið, var gefið út 19. maí 1993 og skyldi greitt með þremur afborgunum á gjalddögnum 20. nóvember 1993, 20. maí 1994 og 20. nóvember 1994, 422.110 kr. í hvert skipti. Bréfið var gefið út af eiginmanni stefndu og áritað af stefndu um samþykki sem maki. Eiginmaður stefndu andaðist 20. janúar 1994.

Veðskuldabréfið var afhent stefnanda til innheimtu, og voru þær fjárhæðir, sem krafði var um, þ. e. þrjár greiðslur, að fjárhæð 140.703 kr. í hvert sinn, inntar af hendi til stefnanda. Eftir að stefnda hafði greitt maígreiðslu 1994, hafði hún samkvæmt því, sem fram kemur í greinargerð stefndu, haft samband við Austurbæjarútibú stefnanda til að ganga úr skugga um, að greiðsluseðillinn væri réttur, þar sem hún hafi ekki fundið í fórum dánarbúsins gögn um það, að bréfið hefði verið greitt hraðar niður en skilmálar þess kváðu á um. Þetta bendir til, að stefndu hafi verið ljóst, að skuldabréfið var herra en hinar umkröfðu fjárhæðir, 140.703,30 kr., báru með sér. Eftir að stefnda hafði greitt síðustu greiðslu, 28. nóvember 1994, fékk hún greiðsluskilgrein, þar sem fram kom, að eftirstöðvar voru engar. Hinn 20. janúar 1995 var bréfið afhent til aflýsingar í þinglýsingabókum Reykjavíkur, og var bréfið síðan sent stefndu. A. m. k. þá mátti stefndu vera ljóst, að greiðslur þær, sem hún hafði innt af hendi, voru ekki í samræmi við ákvæði bréfsins og að hún hafði aðeins greitt einn þriðja af veðskuldinni.

Eftir að ljóst varð í janúar 1996 um mistök starfsmanna stefnanda, skrifaði stefnandi stefndu bréf 30. janúar 1996 og óskaði eftir viðræðum um uppgreiðslu hinnar ógreidda fjárhæðar. Eftir þetta greiddi stefnandi eignanda bréfsins, borgarsjóði Reykjavíkur, þá fjárhæð, sem vangreidd var. Verður að telja, að með þeirri greiðslu hafi stefnandi öðlast rétt til þess að

innheimta fjárhæð þá, sem vangreidd var af hálfu stefndu, enda þótt stefnandi hafi ekki sýnt fram á formlegt framsal borgarsjóðs Reykjavíkur á réttindum samkvæmt bréfinu fyrr en með bréfi borgarverkfræðings, dags. 20. september 1996, þ. e. eftir höfðun málsins.

Verður því ekki fallist á kröfur stefndu, byggðar á aðildarskortu.

Það er mistökum starfsmanna stefnanda að kenna, að til þessa mála- rekstrar kom, og aðstæður aðila eru mismunandi, en við niðurstöðu málsins þykir bera að líta til þess, að væri fallist á sjónarmið stefndu, leystist hún undan því að endurgreiða umsamið lán að tveimur þriðju hlutum og auðg- aðist sem því næmi á kostnað stefnanda.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður stefnda dæmd til að greiða hina umkröfðu fjárhæð með dráttarvöxtum frá uppkvaðningu dóms- ins til greiðsludags.

Krafa stefnanda um staðfestingu á veðrétti og uppfærslurétti stefnanda fyrir hinni umstefndu skuld í fasteign stefndu, Vesturási 36, er órökstudd og verður ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu. Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Guðbjörg Helga Birgisdóttir, greiði stefnanda, Lands- banka Íslands, 844.220 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá uppkvaðningu dóms þessa 7. maí 1997 til greiðslu- dags.

Málkostnaður fellur niður.
